

Verkefni:	Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar:	21. september 2015.
Tímasetning fundar:	kl. 21:00 - 22:30
Fundarstaður:	Melgerði 16, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir	formaður	mætt
Dagbjört Ottósdóttir	varaformaður	mætt
Kolbrún Halldórsdóttir	ritari	mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir	gjaldkeri	mætt
Anna Lilja Ottósdóttir	meðstjórnandi	skype
Aðalheiður Gunnarsdóttir	vefstjóri	mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Aðildarumsókn.**

Borist hefur umsókn frá Kvennakórnum Héraðsdætrum um aðild að Gígjunni. Umsóknin er samþykkt og Kvennakórinn Héraðsdætur boðinn velkominn í Gígjuna.

2. Nýir kvennakórar.

Vitað er um nokkra nýja kvennakóra sem eru utan Gígjunnar. Ákveðið að senda póst á þessa kóra til að kynna Gígjuna fyrir þeim.

3. Landsmót kvennakóra á Ísafirði 2017.

Erindi frá Kvennakór Ísafjarðar varðandi landsmót kvennakóra 2017 þar sem óskað er eftir álitum stjórnar á því hvort takmarka eigi fjölda þátttakenda og hvort hægt sé að samþykkja beiðni frá erlendum kvennakórum um þátttöku í landsmótinu. Það er skoðun stjórnar að þar sem landsmót Gígjunnar er ætlað fyrir aðildarkórana þá sé ekki hægt að setja þak á fjölda þátttakenda. Félagar í aðildarkórnum eru hátt í 1000 talsins og gera verður ráð fyrir að hægt sé að taka á móti þeim öllum ef svo ber undir. Stjórnin telur hins vegar afar ólíklegt að allur sá fjöldi muni mæta.

Stjórnin er sammála Kvennakór Ísafjarðar um að það væri mjög gaman að fá erlenda gesti en finnst að það sé ekki hægt nema gestgjafar geti tekið á móti þeim félögum Gígjunnar sem vilja koma.

Skipulag og fyrirkomulag landsmótsins er ekki bundið í neinar fastar reglur heldur hafa gestgjafar þar mjög frjálsar hendur.

Í kjölfarið á síðasta landsmóti hafa stjórnarkonur fleygt á milli sín ýmsum hugmyndum t.d.

hvort gaman væri að leggja meiri áherslu á vinnu í smiðjum og minni á tónleika hvers kórs, lokatónleika utanhúss eða gera þetta með einhverju nýstárlegu sniði.

4. Aðalfundur 2016.

Aðalfundur verður haldinn 17. október 2015. Fundarboð hefur verið sent út. Ákveðið að senda póst á aðildarkóra til að óska eftir tilnefningum til heiðursviðurkenninga.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 22:30.

Ritari fundargerðar: Aðalheiður Gunnarsdóttir.